



Hafnarfirð 31.12.10

## Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2010

### Stjórnarstarf

Á aðalfundi félagsins tók Steinarr Steinarrsson sæti í stjórn SÍH í stað Hannesar Jónssonar. Hannes hafði setið í stjórn félagsins í allmörg ár og þakkar stjórnin honum vel unnin störf. Í byrjun árs var haldinn stefnumótunarfundur þar sem æfingarstjórar, stjórnarmenn, nefndarmenn, keppnismenn og þjálfari tóku þátt í að endurskoða stefnu félagsins og setja markmið fyrir nýtt starfsár. Stefnan var birt á vefsetri félagsins en markmið og aðgerðaáætlun var dreift á helstu stjórnendum og aðra sem fengu verkefni í áætluninni.

Eins og nánar kemur fram síðar í skýrslunni átti félagið 10 Íslands- og bikarmeistara á árinu sem öllum var veitt viðurkennig á íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðabæjar í árslok. Auk þess var Sigurbór tilnefndur sem afreksmaður í skotfimi við sama tilefni.

### Daglegur rekstur

Rekstur félagsins var með svipuðu sniði og fyrri ár. Bókhaldið var uppfært mánaðarlega og kynnt fyrir stjórn. Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir voru uppfærðir reglulega í gagnagrunn félagsins og gerðir aðgengilegir á vefsetri þess.

### Fundir

Tíu stjórnarfundir voru haldnir frá aðalfundi til áramóta. Enginn formlegur félagsfundur fyrir utan aðalfund var haldinn á árinu. Fundur með æfingarstjórnnum var haldinn í lok mars og stefnumótunarfundur snemma á árinu eins og áður hefur komið fram.

### Byrjendanámskeið

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu 2010 með 15 þátttakendum sem verður að teljast mjög gott í þessu árferði. Að venju var skráning í félagið og árgjaldið innfalið í 7.000 kr. þátttökugjaldi sem leiðir til þess að þátttakendur mæta frekar á almennar æfingar að námskeiði

loknu.

### Kvennastarfs SÍH

Mikil gróska var í kvennastarfi félagsins og mætti fjöldi kvenna á vikulegar æfingar sem voru skipulagðar eingöngu fyrir kvenfólk félagsins. Haldið var sérstakt kvennamót þar sem 10 konur tóku þátt. Í framhaldi af því tóku konur SÍH í fyrsta sinn þátt í Íslandsmótinu þar sem Inger Ericson varð Íslandsmeistarar í einstaklingskeppni og þær Inger Ericson, Helena Ericson og Anný Björk Guðmundsdóttir urðu Íslandsmeistarar í sveitakeppni. Einnig tóku fjórar konur úr SÍH þátt í mjög sterku alþjóðlegu móti, Ladies Grand Prix sem haldið var í Reykjavík í september.

### Keppnisferðir erlendis

Fjórir félagsmenn SÍH tóku þátt í Skandinavia open og Sigurbór Jóhannesson fór á vegum landsliðs Íslands á 50th ISSF World Championship Munich 2010

### Félagatal

83 félagsmenn greiddu félagsgjald fyrir árið 2010 á móti 76 árið 2009 og 92 árið 2008 en af þeim sem greiddu félagsgjald voru 23 nýliðar. Hvort sem það er kreppunni eða öðru um að kenna er ljóst að mikið vantar á að eldri félagar séu virkir.

### Skýrsla mótanefndar

#### Landsmót

71 þátttakandi var skráður í 10 lands- og opin mót á árinu sem er átján fleiri en árið á undan. Félagið hélt tvö landsmót annað í apríl en hitt í ágúst. Auk þess hélt félagið SÍH open í sjötta sinn í byrjun júlí. Sigurbór Jóhannesson varð Bikarmeistari STÍ og Íslandsmeistari í meistaraflokki og Þórður Kárason var Íslandsmeistari í 3. flokki. Þeir Sigurbór, Hörður Sigurðsson og Jakob Þór Leifsson urðu Íslandsmeistarar í sveitakeppni karla.

#### Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í SKEET voru fimm þar sem samtals 62 þátttakendur voru skráðir til leiks sem eru sextán fleiri en á árinu á undan. Á lokamótinu sem haldið var í september varð Sigurbór Jóhannesson Skotmaður SÍH og Inger Ericson Skotkona SÍH.

### Skýrsla fjárhagsnefndar

- Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.
- Haldið var áfram að bjóða keppnismönnum upp á

árangurstengda styrki. Með því að ná sætum og titlum á landsmótum STÍ eiga keppendur rétt á að sækja um styrki sem félagið greiðir út til viðkomandi skotmanna í formi hringja á skotvellingum.

- Félagið fékk ferðastyrki úr Afreksmannasjóði vegna ferða erlendis.
- Samtals fengu 13 keppnismenn styrki sem nema 1616 hringjum eða 40.400 dúfum á móti 40.500 dúfum árið 2009 og 45.500 árið 2008.
- Félagið fékk styrk frá Hafnarfjarðarbæ vegna árangurs keppnismanna félagsins í sveitakeppnum en félagið átti bæði Íslandsmeistara í sveitakeppni kvenna og karla eins og áður hefur komið fram.

#### Skýrsla skemmtinefndar

Árshátíð félagsins var vel sótt að venju. Í tilefni árshátíðar var salernisaðstaða félagsins tekin formlega í notkun. Það voru mikil tímamót þar sem það var í fyrsta skipti í 45 ára sögu félagsins sem félagsmönnum stóð til boða aðgengi að vatnssalerni og rennandi vatni. Að venju var haldin grillveisla á SÍH open. Haldið var uppteknum hætti frá síðasta ári þegar veislan var flutt yfir á laugardegi í stað sunnudags.

#### Skýrsla vallarnefndar

- Lokið var við smíði á viðbyggingunni við félagsheimilið um mitt sumar og má segja að með því sé félagsaðstaða félagsins orðin frábær.
- Gerður var samningur við Fasteignir Hafnarfjarðar um viðhald á eldri byggingunni sem felst í að skipta um glugga, styrkja framhlið og þak ásamt því að klára að klæða framhlið hússins sem er mjög illa farið.
- Á árinu 2010 voru skotnar 83.400 á móti 84.500 dúfur árið 2009, 116.300 leirdúfur 2008 og 138.800 árið 2007.

#### Ritnefnd

Félagið hélt að venju úti öflugum vefsetri þar sem lögð er áhersla á að hafa allar nýtanlegar upplýsingar aðgengilegar fyrir félagsmenn. Árangrar og aðrar fréttir birtar eins fljótt og mögulegt er. Einnig er þar að finna aðgang að gæðahandbók félagsins þar sem félagsmenn geta sótt upplýsingar, fengið leiðbeiningar og kynnt sér reglur félagsins. Samtals voru heimsóknir á vefsetur SÍH um 8.000 ef marka má teljara síðunnar sem er svipað og á síðasta ári. Einhver vírus komst inn á vefsetur félagsins þannig að sum vírusvarnarforrit lokuðu á síðuna.

Búið er að uppræta vírusinn en erfilega gengur að fá lokuninni aflétt hjá sumum vírusvarnarforritunum.

Virðingarfyllt  
fyrir hönd stjórnar SÍH

Ferdinand Hansen  
formaður SÍH